

Stjórnarfundur BSÍ 27.okt. 2021

Mættir: Gunnar Björn Helgason, Gunnlaugur Karlsson, Hrannar Erlingsson, Jafet Ólafsson og Sigurður Páll Steindórsson. Ólöf Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sat fundinn.

1. Ákveðið að veita Birni Eysteinessyni styrk að upphæð 200.000 kr. til að undirbúa lið heldri spilara fyrir heimsmeistaramótið.
2. Bridgehátíð: Gunnlaugur fer í að semja við Exeter hótél um afslátt fyrir spilara. Sigurður ætlar að heyra í Skáksambandsmönnum um hvar þeir eru með styrki.
3. Bridgeskólinn. Guðmundur Páll fer af stað með hann í janúar. Hann er með nýtt námsefni sem hann gefur út á bókaformi. Ákveðið að kaupa 100 stk. af honum til að gera prentun mögulega. BSÍ leggur til húsnæði fyrir skólann og borgar námsgjöld fyrir nemendur undir 25 ára eins og áður.
4. Staða framkvæmdastjóra. Hrannari, Gunnlaugi og Jafeti var falið að sjá um að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra. Umsóknarfrestur var til 15.okt. og 34 umsóknir bárust. Gunnlaugur lagði fram tillögu valnefndar um ráðningu á tveimur mönnum. Annar í 50% sem framkvæmdastjóri og hinn í 50% sem framkvæmdastjóri útbreiðslumála. Ráðningarnar verði tímabundnar til að byrja með og tekin ákvörðun um endanlegt fyrirkomulag eftir Bridgehátíð í febrúar. Samþykkt einróma að valnefndin fengi leyfi til að ganga frá þessum ráðningum.
5. Fjárlög. Jafet hefur unnið að því að fá hækkun frá ríkinu. Eitthvað gengur það illa. Beðið eftir fundi með menntamálaráðherra.
6. Landsliðsmál. Ákveðið að óska eftir pörum til vinnu í landsliðum karla og kvenna. Frekari útfærsla á vinnu og vali ákveðin á næsta fundi.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn eftir tvær vikur. Fundi slitið.